

12  
15. apríl

**KONUNGSBRÉF**

um

frestun á fundum Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér viljum hérmeð að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að fresta fundum hins yfirstandandi reglulega Alþingis frá því er venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, þangað til í síðari hluta júnímánaðar næstkomandi.

*Gjört á Amaliuborg, 15. apríl 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

Tryggvi Þórhallsson.